

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Dalbraut 12
840 LAUGARVATN

Garðabær, 6. júlí 2023
Málsnúmer: 202306-0014
SS

Efni: Umsögn um deiliskipulag fyrir Útey 1, frístundalóð, í Bláskógabyggð.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgátt, dags. 27. júní 2023, þar sem skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs. óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir frístundalóðina Hljómsveit í landi Úteyjar 1 í Bláskógabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagstillöguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Um er að ræða 1 ha lóð þar sem veitt er heimild fyrir byggingu allt að 4 húsa, 2 sumarhúsa og 2 gestahúsa, samtals byggingarmagni allt að 300 m². Notast er við núverandi aðkomu um aðkomuveg frá Eyjavegi sem liggur frá Laugarvatnsvegi.

Lóðin er í dag óbyggð og lítt röskuð en þangað liggur slóði meðfram skurð og þar er trjágróður sem líklega hefur verið plantað að hluta. Lóðin er nokkuð einangruð frá öðrum frístundalóðum og verður því byggð á svæði sem í dag er hluti af stærri óbyggðri heild. Mikilvægt er að tryggja góða fjarlægð áformaðra bygginga frá bakka Apavatns, a.m.k. 50 metra, helst meira. Huga þarf mjög vel að fráveitu en ekki er ásættanlegt að óhreinsuð fráveita berist í vatnið.

Þótt áætluð uppbygging á þessari einu lóð sé ólíkleg til að hafa mikil umhverfisáhrif ein og sér enda lítil að umfangi, þá vill Náttúrufræðistofnun benda á að hægt og bitandi hefur frístundalóðum með byggingum á fjölgað við bakka Apavatns og fleiri áform eru um nýjar lóðir. Slíku skipulagi og fylgjandi uppbyggingu fylgir óneitanlega rask á votlendi og öðru gróðurlendi með hátt verndargildi. Þá fylgir uppbyggingunni álag á Apavatn og lífríki þess, með aukinni umferð á bökkum vatnsins sem og á vatninu sjálfu með bátaumferð. Einnig getur mengunarhætta aukist t.d. úr fráveitu ef ekki er vel að henni staðið sem og með ofanvatni vegna umferð véltaekja o.fl.

Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt Apavatn og umhverfi þess fyrir B-hluta náttúruinjaskrár vegna auðugs lífríkis, sérstaklega fuglalífs. Með aukinni uppbyggingu og umsvifum við vatnið eykst hætta á að verndargildi þess rýrist. Bent hefur verið á þetta í nýlegum umsögnum stofnunarinnar um önnur áform við vatnið eða í næsta nágrenni þess. Þar má nefna umsögn frá 3. maí 2023 um uppbyggingu frístundabyggðar í landi Úteyjar 2 þar sem Náttúrufræðistofnun varaði við því að lítt röskuðu svæði austan Laugardalsvegar og sunnan Eyjavegar yrði fórnað að hluta fyrir frístundabyggð. Þar væri um að ræða heillega mósaík votlendis og mólendis og myndi rask þess vera þvert á markmið landskipulagsstefnu um að ganga ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til náttúruverndar en svæði eins og það eru afar mikilvæg fyrir t.d. varp mófugla. Umrætt svæði er beint fyrir vestan lóðina í landi Úteyjar 1 sem hér er til umfjöllunar. Einnig má benda á umsögn frá 9. desember 2022, um uppbyggingu á lóð Austureyjar nálægt útfalli Hólaár, en þar er andfuglalíf mjög ríkulegt og hætta á að aukin umsvif valdi því truflun.



Að mati Náttúrufræðistofnunar er fullt tilefni til að staldra við og setja skýr mörk um uppbyggingu frístundarsvæða við Apavatn og jafnframt að tryggja verndun þeirra mikilvægu búsvæða fugla og annarra lífvera sem eru í og við vatnið t.d. með hverfisvernd eða jafnvel friðlýsingu. Að öðrum kosti hætta á að ríkulegt lífríki vatnsins og nágrenni þess verði fyrir varanlegu tjóni.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

